



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

HÁDEGIS- TÓNLEIKAR

31. OKTÓBER
2019



HITAÐ UPP FYRIR ÞÝSKALAND OG AUSTURRÍKI

HÁDEGISTÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Anna Þorvaldsdóttir
Aeriality (2011), 14'

Pjotr Ilitsj Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 4 í f-moll, op. 36 (1878), 45'

Andante sostenuto – Moderato con anima

Andantino in modo di canzone

Scherzo. Pizzicato ostinato – Allegro

Finale. Allegro con fuoco

Á þessum hádegistónleikum í Eldborg flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tvö verk sem hljóma í tónleikaferð hljómsveitarinnar til Þýskalands og Austurríkis í nóvember nk. Önnur verk sem hljómsveitin leikur í tónleikaferðinni verða flutt á tónleikum 7. og 8. nóvember.



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur á undanförunum árum vakið heimsathygli fyrir tónsmíðar sínar og hljómsveitarstjórn. Hann hefur starfað með fjölda hljómsveita og hafa verk hans meðal annars verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitunum í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Ulster-hljómsveitinni og Sinfóníettunni í Kraká. Meðal helstu verka Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík 2018 við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Nýjasta verk sitt samdi Daníel fyrir Fílharmóníusveit Los Angeles í tilefni 100 ára afmælis hennar og var það frumflutt á hátíðartónleikum í Walt Disney Concert Hall í síðustu viku. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir nú stöðu aðalgestastjórnanda.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

AERIALITY

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er með kunnustu tónskáldum sinnar Akynslóðar á heimsvísu. Verk hennar hafa komið út á hljóm diskum hjá Deutsche Grammophon og Sono Luminus, og hún hefur samið m.a. fyrir Ensemble Intercontemporain og Fílharmóníusveit New York. Hún hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012 fyrir verk sitt *Dreymi*, sem var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Margar helstu hljómsveitir heims hafa flutt verk hennar, meðal annars Fílharmóníusveit Berlínar undir stjórn Alans Gilbert, Fílharmóníusveit Los Angeles og hljómsveitin Fílharmónía í Lund-únum undir stjórn Esa-Pekka Salonen, og þannig mætti lengi telja. Anna er nú staðartónskáld SÍ og gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar.

Anna samdi *Aeriality* fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur eftirfarandi orð um verkið: „*Aeriality* dansar á mörkum hljómsveitartónlistar og hljóðlistar, en í verkinu fléttast saman lagræn tónefni og þykkir hljóðmassar. Að hluta til samanstendur verkið af þykkum hljómunum þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar renna saman í eitt og mynda margradda hljóðvegg. Mörkin á milli einstakra hljóðfæra verða óljós og hljómsveitin verður að þéttum massa. Við hápunkt verksins byggist upp breiður og óræður hljóðmassi. Hann leysist síðan upp í lagræna hugleiðingu sem blómstrar í skamma stund og skilur eftir skugga af sjálfri sér. Orðið *Aeriality* vísar til þess að vera í lausu lofti, án haldreipis, og þannig bæði til frelsis og óróleika. Titill verksins er ennfremur orðaleikur þar sem orðunum *aerial* og *reality* er blandað saman til að skapa andstæður; *reality* ber tilvísun í jörð, hið raunverulega, og *aerial* í himinn, eða hið ósnertanlega.“



PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 4

Fjórða sinfónía Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) hefur löngum verið talin sjálfsvísöguleg og markast af dramatískri atburðarás ársins 1877. Tsjajkovskíj hneigðist til karlmanna en snemma þetta ár barst honum bréf frá stúlku sem hafði numið hjá honum við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hún játaði honum ást sína og hótaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvantist henni. Tsjajkovskíj lét til leiðast en hjónabandið var hreinasta martröð og varði raunar ekki nema í örfáar vikur.

Það er með þetta í huga sem fjölmargir hafa kosið að túlka fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíj, enda gaf hann sjálfur vísbendingu um að verkið væri „örlagasinfónía“ þar sem eigist við tvö öfl, maðurinn og örlög hans, „þetta óstöðvandi afl sem stendur í vegi fyrir hamingju okkar“. Undir lok fyrsta þáttar virðist sem örlögin hafi borið sig úr bítum. Síðari þættir sinfóníunnar eru með öllu hefðbundnara sniði. Rússneskt þjóðlag („Á akrinum stóð birkitré“) er í aðalhlutverki í lokakaflanum, en Tsjajkovskíj hafði einmitt áður notað þjóðlög heimalandsins sem efni við og þá gjarnan þegar endir verks var í nánd. Þannig laðaði hann fram glöðværð og kátínu sem honum þóttu viðeigandi punktur aftan við hin sinfónísku átök.

Arni Heimir Ingólfsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPSELT

FIMMTUDAGUR
7. NÓVEMBER 19:30

AUKATÓNLEIKAR

FÖSTUDAGUR
8. NÓVEMBER 19:30

VÍKINGUR OG DANÍEL



Þú getur skannað og hlustað á verkin á Spotify

Edvard Grieg Pétur Gautur, valdir bættir

Daníel Bjarnason Processions, pianókonert

W.A. Mozart Hornkonert nr. 3

Jean Sibelius Sinfónía nr. 5

Daníel Bjarnason
hljómstarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Radovan Vlatković
einleikari

Það var stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi þegar Víkingur Heiðar frumflutti nýjan pianókonert Daníels Bjarnasonar, Processions, með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2009. Í kjölfarið hefur konsertinn hljómað víða um heim og hlotið frábæra dóma heimspresunnar. Víkingur er kominn í hóp fremstu einleikara á heimsvísu og hlaut nú á dögnum hin virtu og eftirsóttu Gramophone-verðlaun sem listamaður ársins.

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis. Í Konzerthaus í Berlín verða haldnir tónleikar með Víkingi sem er nú staðarlistamaður tónleikahússins, en einnig verða haldnir tónleikar í München og Salzburg, þar sem króatíski hornsnillingurinn Radovan Vlatković leikur einnig einleik. Í aðdraganda ferðarinnar verður efnisskráin flutt á tónleikum Sinfóníunnar í Hörpu.

Strax seldist upp á tónleikana en nú hefur aukatónleikum verið bætt við 8. nóvember.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Bakharji í flutningum:

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA